

**Ed.**

**602. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. launalögin, 11. gr. 3. málsgrein.

Fjórða málsgreinin fellur burt.

2. gr.

Við 15. gr. launaiaganna (Póstmenn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi, Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

3. gr.

Í 19. gr. (Skógrækt) verður 2. málsgrein þannig:

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað og skógarvörðurinn í Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hafa að árslaunum 1200 kr.

4. gr.

Við 23. gr. (Háskólinn) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1600 kr.

5. gr.

Byrjun 2. málsgreinar í 26. gr. (Eiðaskólinn) orðast svo;  
Við skólann skulu vera 2 kennarar, og hafa þeir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári o. s. frv.

6. gr.

Önnur málsgrein í 28. gr. (Stýrimannaskólinn og Vjelstjóraskólinn) orðast svo:

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr.

7. gr.

Launahækkunir þær, er um ræðir í lögum þessum, gilda frá 1. jan. 1921. Þó fá þeir kennarar við Stýrimannaskólann og Vjelstjóraskólann, er settir voru haustið 1920, ekki launabætur þessar fyr en þeir verða skipaðir fastir kennarar.